

**Ed.**

**536. Frumvarp**

til laga um lögræði.

(Eftir 3. umr. i Nd.)

1. gr.

Lögræði er tvenns konar, sjálfræði og fjárræði. Maður sjálfráður og fjárráður er fullráður.

Leyfisbrjef til lögræðis verða ekki veitt.

2. gr.

Maður er sjálfráður 16 ára gamall, nema sviftur sje sjálfræði.

Sjálfráður maður ræður einn öðru en fje sinu, nema öðru visi sje sjerstaklega um mælt í lögum.

Ef sjálfráður maður rýfur lögmætar skuldbindingar sínar, bæti af fje sinu. Ráðstafanir ósjálfráðs manns eru ógildar.

3. gr.

Foreldri ráða bæði saman ósjálfráðum skilgetnum börnum sínum. Nú er annað foreldra látið, og ræður þá hitt börnunum, nema kvænst eða gifst hafi aftur. Þá ráða hjónin börnunum bæði saman. Nú eru bæði foreldri látin, en stjúpforeldri á lífi, og ræður þá stjúpforeldri börnunum, enda sjeu börnin á framfæri þess. Nú eru foreldri skilin að fullu eða að borði og sæng, og ræður þá hvort þeirra þeim börnum, sem hjá því eru.

Óskilgetnu barni ræður móðir.

Nú má hvorki foreldri nje stjúpforeldri ráða barni, og kemur þá skipaður lögráðamaður i þeirra stað.

4. gr.

Maður er fjárráður 21 árs gamall, nema sviftur sje fjárræði.

Ekkjur og konur, sem skilið hafa við bændur sína að fullu eða að borði og sæng, eru fjárráðar, þó að yngri sjeu en 21 árs.

Fjárráður maður ræður einn fje sínu, nema lög mæli sjerstaklega fyrir á annan veg.

Fjárráðstafanir ófjárráðs manns eru ógildar, nema þær varði sjálfsaflafje eða gjafafje, enda láti gefandi eigi öðru vísi um mælt, eða lög kveði sjerstaklega öðru vísi á.

#### 5. gr.

Nú er sjálfráður maður eða fjárráður ófær til að ráða sjer eða fje sínu sjálfur, vegna vanheilsu eða vanþroska eða af öðrum ástæðum, svo sem vegna eyðslusemi, og skal hann þá sviftur sjálfræði eða fjárræði eða hvorutveggja, og honum skipaður lögráðamaður.

#### 6. gr.

Hjeraðsdómari á úrskurðarvald um sviftingu lögræðis. Úrskurð um lögræðissviftingu skal kveða upp á varnarþingi þess, er svifta skal lögræði. Að öðru leyti fer um lögræðissviftingu eftir þeim reglum, sem fylgt hefir verið um sviftingu fjárræðis. Úrskurði má sá, er sviftur er lögræði, skjóta til landsyfirdóms til fullnaðarúrslita. Rjett er og að maki hans, foreldri eða börn, systkin eða jafnmægðir áfrýi slikum úrskurði, ef lögráðir eru.

Á sama hátt skal fara, ef fella skal niður lögræðissviftingu.

#### 7. gr.

Úrskurður um sviftingu lögræðis skal vera rökstuddur, enda skal skýrt ákveðið, hvort maður sje sviftur sjálfræði eða fjárræði eða hvorutveggja.

Stefnuvottar skulu birta úrskurð þeim sjálfum, sem sviftur er lögræði, eða næsta venclamanni, ef hinn er að læknisdómi vitskertur. Svo skal og birta úrskurðinn í lögbirtingablaði landsins, rita hann þegar í þinglýsingabók og lýsa honum síðan á varnarþingi þess, er lögræði var sviftur. Ef sá, sem sviftur er lögræði, á fasteign eða hjer skrásett skip, eða hann rekur hjer atvinnu, sem geta ber eða getið er í verslunarskrá, þá skal þinglýsa úrskurðinum á varnarþingi fasteignar eða skips og bóka athugasemd um hann í verslunarskrá. Dómari sendir eftirrit af úrskurðinum þeim stjórnarvöldum, er um hann þurfa að vita. Fyrir þinglýsinguna skal ekkert gjald greiða.

#### 8. gr.

Nú hefir maður verið sviftur lögræði, og eru þá ógildar ráðstafanir, sem þrjóta bág við lögræðissviftingu og hann gerir eftir innritun úrskurðar í þinglýsingabók, — enda hafi þinglýsing síðan farið fram áður lögmæltur timi sje liðinn, — eða athugasemd um hann er skráð í verslunarskrá. Gildar skulu metnar ráðstafanir hans, er áður eru gerðar, nema sannað sje, að sá, sem hagsvon átti af þeim, hafi vitað um úrskurðinn.

Skylt er sýslumanni eða bæjarfógeta, að viðlögðum skaðabótum eftir venjulegum reglum, að geta úrskurðarins í þinglýsingabók fasteigna og í skipaskrá og verslunar, þegar honum er sent eða afhent úrskurðareftirrit eða eintak af lögbirtingablaði, þar sem úrskurðurinn er birtur.

9. gr.

Nú er skotið til landsyfirdóms úrskurði um lögræðissvifingu, og skipar þá dómstjóri löggiltan málaflutningsmann við yfirdóminn til að sækja málið af hendi þess, er svifta skal lögræði, og annan til varnar. Hvor málsvara getur lagt fram nýjar skýrslur í yfirdómi, og, ef svo ber undir, krafist rannsóknar í hjeræði um málavexti. Málskostnaður í yfirdómi greiðist af almannaþje, og fer um meðferð málsins þar sem um opinber mál.

Nú úrskurðar yfirdómur rannsókn málavaxta í hjeræði, og skal hún fram fara að hætti almennra lögreglumála, enda skal útvega þær skýrslur, sem yfirdómur krefst. Skipa skal þá jafnan valinkunnan mann til þess að gæta rjettar þess, er svifta skal lögræði. Málskostnaður í hjeræði greiðist og af almannaþje.

Nú er úrskurður um lögræðissvifingu fenginn fyrir visvitandi rangar skýrslur, og á þá, að undangenginni löglegrí málssókn, að dæma þann eða þá, sem um það reynast sekir, til þess að greiða að skaðlausu allan þann kostnað, sem lögræðissvifing hefir haft í för með sjer.

10. gr.

Dómstjóri sendir stjórnarráðinu þegar eftirrit af úrslitaúrskurði yfirdóms, en það sendir aftur stjórnarvöldum þeim, er málið ber undir.

Nú ónýtir yfirdómur úrskurð hjeræðsdómara, og ber þá þegar að draga yfir hann í embættisbókum og aflýsa honum, ef þinglýstur var, hvorttveggja endurgjaldslaust.

11. gr.

Nú er maður ólögráður, og skal þá sýslumaður hans eða bæjarfógeti skipa honum lögráðamann, ósjálfráðum manni fyrir æsku sakir þó því að eins, að lögborinn ráðamaður sje eigi til.

Þær skipanir, sem gerðar hafa verið samkvæmt gildandi lögum, standa þó óraskaðar, þangað til lögræði er náð.

Skipaður lögráðamaður má ekki yngri vera en 25 ára, enda sje hann ráðvandur maður og ráðdeildarsamur, sæmilega að sjer, heill heilsu og fjár sins ráðandi.

Lögráðamann skal skipa karl eða konu, næst að frændsemi. Föðurfrændur ganga fyrir móðurfrændum, alsystkin fyrir hálsystkinum, eldri maður fyrir yngri, jafnáninna. Um stjúpforeldra gildir sama og foreldra, enda beri stjúpforeldri framfærsluskylda, og sje henni fullnægt.

Móðurfrændur óskilgetins barns ganga fyrir öðrum frændum til fjárráða.

Þó má skipa föður, ef móðir er eigi til, enda hafi hann þinglýst barninu, ættleitt það eða arfleitt.

12. gr.

Lögmæt ráðstöfun lögráðamanns bindur ósjálfráðan mann, svo sem sjálfráður hefði hann gert, nema lög skilji sjerstaklega öðru visi.

13. gr.

Lögmæt ráðstöfun lögráðamanns bindur ófjárráðan mann, svo sem fjárráður hefði hann gert, enda mæli lög eigi sjerstaklega um á annan veg.

14. gr.

Um stöðu lögráðamanns gagnvart ófjárráðum manni og yfirfjárráðanda skal fara samkvæmt ákvæðum laga.

15. gr.

Þeir, sem orðnir eru 18 ára, en ekki fulls 21 árs, þá er lög þessi öðlast gildi, eru hálfráðir fjár sins, og fer að öllu leyti um þá eftir gildandi lögum, þangað til þeir verða fulls 21 árs. Að öðru leyti er hálfraði um fjármál úr lögum numið.

Lögin taka jafnt til þeirra, sem orðnir eru fulls 21 árs áður en þau ganga í gildi, sem til hinna, er ná þeim aldri síðar.

16. gr.

Eftirfarandi ákvæði eru úr lögum numin: D. L. 1—23—12 og N. L. 1—21—9, a- og b-liðir 1. gr. I. kap. tilsk. 21. des. 1831, sbr. þó fyrri málsgr. næstu gr. hjer á undan, 1. gr. og 2. málsgr. 15. gr. tilsk. 18. febr. 1847, opið brjef 4. jan. 1861, er lögleiðir á Íslandi dönsk lög 29. des. 1857 um myndugleika kvenna, 10. gr. laga 12. janúar 1900, nr. 3, lög 20. okt. 1905, nr. 17, svo og öll önnur ákvæði, er koma kynnu í bág við lög þessi. Í 5. gr. laga 16. september 1893, nr. 15, komi: 16 ára í stað »18 ára«.